

Aðalfundur Oddafélagsins

Haldinn í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu miðvikudaginn 22. febrúar 2012.

13 voru mætt á fundinn.

Lögð var fram eftirfarandi dagskrá:

- A. Helstu aðgerðir á árinu og starfsáætlun næsta árs. Greinargerð formanns.
- B. Reikningar og félagatal. Greinargerð gjaldkera.
- C. Umræður um greinargerðir formanns og gjaldkera.
- D. Kosning stjórnar og skoðanamanna.
- E. Árgjald fyrir næsta starfsár ákveðið.
- F. Oddadagur í stað Oddastefnu?
- G. Önnur mál.

A. Formaður sagði frá síðasta aðalfundi sem var fyrir 14 mánuðum. Stjórnarfundir voru ekki margir á tímabilinu og oftast notast við samskipti í gegnum tölvupóst. Skilaboðum til félaga er sömuleiðs komið þannig áfram nema til þeirra sem ekki eru með netfang.

Oddastefna var haldinn 7. maí 2011 og var það 19. Oddastefnan á vegum félagsins. Hún var haldin í Skógum og var vel tekið á móti gestum. Erindi fluttu: Þórður Tómasson, Haraldur Sigurðsson, Margrét Hallmundsdóttir og Sigurður Sigursveinsson. Eftir erindin var komið við í Gestastofunni að Þorvaldseyri.

Formaður minntist á að Goðasteinn 2011 væri komin og væri það veglegt og gott rit.

Greint var frá Sæmundarstund sem haldin var á vorjafndægum við styttna af Sæmundi á selnum fyrir utan Háskóla Íslands og var stundin vel heppnuð. Hvatt verður til þess að endurtaka leikinn í vor og er formaður búin að ræða við nýtt stúdentaráð.

Hugmyndin um Sæmundarvelli hefur fengið góðar viðtökur í þeim ráðuneytum sem formaður hefur kynnt hugmyndina. Hugmyndin um Oddadag í stað Oddastefnu var kynnt.

Formaður hefur kannað kostnað við að endurútgefa Sögu Oddastaðar eftir Vigfús Guðmundsson, er það kostnaðarsamt en ef til vill mætti athuga hvort netútgáfa væri möguleg.

Nokkur kynning hefur verið á Oddafélaginu undanfarið og var formaður t.d. um daginn í viðtali í útvarpsþættinum Út um græna grundu og kynnti þar félagið. Þá hefur hann sömuleiðs kynnt félagið í viðtali við Sunnlenska fréttablaðið.

Formaður þakkaði gott samstarf á liðnu starfsári, móttökurnar í Safnaðarheimilinu og Héraðsnefnd fyrir kaffiveitingarnar og formanni ritnefndar Goðasteins fyrir gott samstarf.

B. Íris Björk Sigurðardóttir gjaldkeri las reikninga félagsins fyrir 2010 og 2011.

Árið 2010 voru tekjur félagsins 39.542.- en gjöldin 41.411.- Tap af rekstri félagsins var því 1.869. Eign félagsins á bankareikningi er 152.276.-

Árið 2011 voru tekjur félagsins 17.197.- en gjöldin 26.939.- Tap af rekstri félagsins var því 9.742.- Eign félagsins á bankareikningi er 142.525.-

C. Umræður fóru fram um skýrslu formanns og reikninga gjaldkera. Drífa Hjartardóttir þakkaði fyrir skýrslurnar og spurði út í innheimtu félagsgjalda. Sigurður Sigurðarson spurði hvers vegna fella ætti niður Oddastefnu. Formaður sagði að hugmyndin þar á bak við væri að prófa eitthvað nýtt og efla eitthvað sem gæti verið meira áberandi. Mikil vinna lægi oft að baki skipulagningu Oddastefnu og vinnu við birtingu erindanna á eftir í Goðasteini. Þungt vegur einnig að meira væri orðið um ráðstefnur og fyrirlestra bæði í héraði og víðar.

Voru skýrslur og reikningar samþykkt samhljóða.

D. Núverandi stjórn gefur kost á sér áfram og var hún endurkjörin með lófataki. Þá voru skoðunarmenn reikninga sömuleiðs endurkjörnir.

E. Ákveðið var að hafa árgjald félagsins áfram hið sama, 1.000,- kr.

F. Ritari las úr fundargerð síðasta stjórnarfundar þar sem fjallað var um hugmyndina um Oddadag.

Gert var kaffihlé á fundinum, voru kaffiveitingar í boði Héraðsnefndar og er henni þakkað fyrir. Umræðum var haldið áfram yfir kaffiveitingum.

Talað var um að 40-80 manns hafi yfirleitt komið á Oddastefnu; rúmlega 100 þau tvö skipti sem hefur verið í Þjóðminjasafni í Reykjavík.

Með Oddadegi væri bryddað upp á einhverju nýju sem bendir beint á Odda. Spurt var hvernig hægt væri að hafa svona Oddadag. Til er efniviður í ýmislegt.

Var fundarfólk sammála um að halda Oddadag í ár og sjá hvernig tekst til.

Talið nauðsynlegt að hafa einhver erindi.

Spurt var um fornleifauppgröft í Odda. Fyrri tilraunir til að vekja áhuga Fornleifaverndar og fornleifafræðinga voru rifjaðar upp.

Rætt var um helluna sem fjandinn sleikti á sínum tíma og góðlátlega var talað um að vekja upp aðgerðina „Helluna heim.”

Í tengslum við Oddadag leist fólki vel á gönguferð um staðinn og Sæmundarvelli.

Valgerður Brynjólfsdóttir minnti á hugmynd sem hún hefur áður komið fram með um rannsókn og skrif á sögu prestskvenna í Odda.

Stjórnin bað fundarfólk endilega að koma með hugmyndir varðandi Oddadag.

Bent var á að vera með teikningu af Sæmundarvöllum.

Hægt væri að rifja upp eða vera með á blaði sögu félagsins.

Vera með sögustund fyrir börnin, kanna sýningu Möguleikhússins á Sæmundi fróði.

Hlýða á kveðskap Sigurðar Sigurðarsonar og Ólafar konu hans. Sömmuleiðis heyra fluttar lausavísur um Sæmund fróða.

Þór mun reyna að fá erindi frá Oddastefnu 2011 í næsta Goðastein, nú þegar hafa tvö þeirra skilað sér.

Dagsetning Oddadags væri 19. maí. Þó þetta væri sauðburðartími væri hægt að sýna lömb og jafnvel hafa hesta til að teyma undir krökkum.

Sett var fram hugmynd hvort hægt væri að hafa einhverja uppákomu á vegum félagsins í Reykjavík að hausti.

G. Formaðurinn las til gamans sögu, sem gerðist í Odda, úr bókinni Mannamál eftir Þórarinn Gr. Víking.

Að lokum var rætt um bókasafn Freysteins Sigurðssonar sem hann arfleiddi félagið að. Sóknarnefnd Oddasóknar hefur boðið félaginu að hýsa bókasafnið í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu. Tók fundurinn vel í það og var húsnaðið skoða. Stungið var upp á því að sagt yrði frá Freysteinssafni á fyrirhuguðum Oddadegi.

Fundi slitið.

---

Guðbjörg Arnardóttir, fundarritari.